



TÝNDAR GERSEMAR

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna
í Seltjarnarneskirkju
laugardaginn 22. febrúar 2020, kl. 16:00



Fanny Mendelssohn



Le Chevalier de Saint-Georges



Alice Mary Smith



Emilie Mayer

Stjórnandi:

Hallfríður Ólafsdóttir

Einleikarar:


Ármann Helgason, klarinett
Guðbjartur Hákonarson, fiðla



Hallfríður Ólafsdóttir



Ármann Helgason



Guðbjartur Hákonarson

Efnisskrá:

Fanny Mendelssohn Hensel (1805 -1847): Forleikur í C-dúr

Joseph Bologne, Chevalier de Saint-Georges (1745 - 1799):

Fiðlukonsert í D-dúr, op. 3 nr. 1 (frumflutningur á Íslandi)

Allegro maestoso

Adagio

Rondeau

Hlé

Alice Mary Smith (1839 – 1884):

Andante fyrir klarinett og hljómsveit (frumflutningur á Íslandi)

Emilie Mayer (1812 – 1883):

Sinfónía nr. 5 í f-moll (frumflutningur á Íslandi).

Allegro agitato

Adagio

Scherzo

Finale, Allegro vivace

Afmælisár

Á þessu ári á Sinfóníuhljómsveit áhugamanna 30 ára afmæli. Það var síðsumars 1990 sem Ingvar Jónasson kallaði saman nokkra áhugahljóðfæraleikara og viðraði þá hugmynd að stofna áhugasveit. Hann var þá nýfluttur frá Svíþjóð þar sem hann starfaði um árabil. Hann hafði stjórnað slíkum sveitum og þekkti vel til starfsháttanna. Hvatningu fékk hann frá starfsfélögum, gömlum og nýjum, meðal annarra Jóni Nordal. Á nokkrum fundum var hugmyndin mótuð og látið til skarar skriða um haustið. Hljómsveitin hefur starfað óslitið síðan og vaxið mjög ásmegin. Síðustu áratugina hefur hún haldið fimm til sex tónleika árlega, og átt samstarf við marga kóra, einleikara og einsöngvara. Fjölmargir atvinnutónlistarmenn hafa stigið sín fyrstu skref á tónlistarbrautinni með sveitinni. Síðustu 15 árin hefur Oliver Kentish verið listrænn leiðtogi og aðalstjórnandi hljómsveitarinnar.

Á afmælisárinu verður ýmislegt gert til hátíðabrigða:

1. Á tónleikunum í dag kynnir Hallfríður Ólafsdóttir „Týndar gersemar“, tónverk þriggja kventónskálda og eins þeldökks karls frá átjándu og nítjándu öldinni. Þrjú verkanna hafa aldrei verið flutt fyrir á Íslandi eftir því sem við vitum best.
2. Í apríl heimsækir okkur áhugahljómsveitin Open Orchestra frá Edinborg og heldur með okkur tónleika í Seltjarnarneskirkju.
3. Í maí höldum við tónleika með venjulegu sniði.
4. Í september endurgjöldum við heimsókn Skotanna, förum til Edinborgar og höldum tónleika með Open Orchestra.
5. Í lok nóvember höldum við svo hátíðartónleika í Hörpu og bjóðum til okkar helstu samstarfshópum síðustu ára. Sigurvegarar í Nótunni, uppskeruhátíð tónlistarskólanna, koma og leika einleik með sveitinni og ekki færri en þrjár kórar koma og flytja kafla úr stórverkum kórbókmenntanna. Að lokum syngja allir saman við undirleik hljómsveitarinnar, líka tónleikagestir.

Um efnisskrána í dag:

Það er ekki á hverjum degi sem frumflutt eru stórvirki frá klassíska og rómantíska tímanum en sú verður raunin í dag þegar Sinfóníuhljómsveit áhugamanna frumflytur á Íslandi heil þrjú stórkostleg tónverk, gersemar sem féllu í gleysku en ganga nú í endurnýjun lífdaga. Öll tónskáldin nutu þó nokkurrar hylli og velgengi á meðan að þau lifðu en verk þeirra allra gleymdust. Það má spyrja sig hvers vegna en þrjú tónskáldanna voru konur og eitt þeirra þeldökkur karl.

Fyrir tæpu ári síðan bauð Hallfríður Ólafsdóttir Sinfóníuhljómsveit áhugamanna að vinna með henni efnisskrá sem Þjóðarhljómsveitin í Úrúgvæ hafði boðið henni að koma og stjórna. Á henni eru fyrst og fremst verk kvenna, m.a. eftir Jórunni Viðar sem Hallfríður stjórnaði nýverið með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Hluti efnisskrárinnar hljómar nú með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna undir yfirskriftinni „Týndar gersemar“, verk eftir þrjár konur og einn karl, allt tónskáld sem eiga það sameiginlegt að hafa verið hunsuð að ósekju, bæði í lífi sínu og sérstaklega eftir sína daga. Þrjú verkanna hljóma nú í fyrsta skipti hér á landi en Sinfóníuhljómsveit áhugamanna hefur ávallt verið öflug í að frumflytja verk, þó oftast ný íslensk verk. Það er í raun alveg ótrúlegt að þessi klassíska verk hafi ekki ratað hingað til lands áður því að þónokkur ár eru nú liðin frá því að þau voru dregin fram í dagsljósið og hljóðritanir gerðar aðgengilegar á alþjóðlegum streymisveitum.



Forleikur Fanny Mendelssohn Hensel er eina verkið sem áður hefur verið leikið á Íslandi, í flutningi bæði SÍ og SN. Saga Fannýjar er mögnuð þar sem hún var systir Fel-

ix Mendelssohn sem í dag er talinn einn af stóru klassísku meisturum. Systkinin hófu tónsmíðanám á sama tíma, fengu kennara heim sem kenndi þeim saman. Þá var Fanny 14 ára en Felix aðeins 10 ára gamall. Það má gefa sér að stórasystir hafi lagt litlabróður lið eftir þörfum, jafnvel eftir að þau stálpuðust en þegar Fanny var orðin „gjafvaxta“, eins og sagt var á þeim tíma, bannaði faðir hennar henni að halda áfram að semja tónlist, það væri henni ekki sæmandi og hún ætti að einbeita sér að húsmóðurlegum athöfnum. Sum sönglaga Fannýjar voru m.a.s. í fyrstu gefin út undir höfundarnafni bróður hennar. Það var því vandræðalegt fyrir Felix í Englandsferð hans þegar Viktoría Englandsdrottning vildi syngja fyrir hann uppáhalds lagið hennar sem Felix varð að viðurkenna að væri í raun eftir systur hans. Fanny bar gæfu til þess að finna sér eiginmann, myndlistarmanninn Wilhelm Hensel, sem hafði aðra skoðun á málunum en faðir hennar og hvatti hana til tónsmíða. Forleikurinn er saminn þegar einkasonur þeirra var á þriðja ári. Fanny Mendelssohn Hensel stjórnaði sjálf frumflutningi verksins en það liðu heil 150 ár þangað til að tónverkið hljómaði aftur.



Joseph Bologne, Chevalier de Saint Georges, var á endanum jafn hunsaður og gleymdur og konurnar vegna þess að hann var hálfur blökkumaður, sonur aðalsmanns sem átti hann með þjónustustúlku sinni á Gúadalúp þar sem hann var plantekrueigandi. Drengurinn ólst fyrst upp í Vestur-Indíum en var svo alinn upp að aðalsmannasið í París. Hann varð víðfrægur skylmingakappi og átti hluta ferils síns sem slíkur og sýndi fimi sína og skylmingalist víða um lönd. En hann var einnig virtúós á fiðlu og stjórnaði m.a. hljóm sveit sem hét því fallega nafni, Concerts des Amateurs sem mætti þýða Sinfóníuhljóm sveit áhugamanna! Sú hljóm sveit þótti á sínum tíma ein sú allra besta í Evrópu og frumflutti sum verka Bologne. Hinn tíu árum yngri Mozart heyrði tónlist Bologne á meðan hann dvaldist í París og eru uppi kenningar um að hann hafi notað stef hans í eitt verka sinna. En þrátt fyrir heilmikla frægð og frama var Joseph Bologne hunsaður á endanum enda ekki nógu hvítur á hörund til þess að Parísarbúar gætu samþykkt framgang hans við Parísaróperuna!

Guðbjartur Hákonarson leikur einleiksþáttinn á fiðlu en hann er nýkominn heim úr námi og stimplaði sig aldeilis inn í hugum tónleikagesta á tónleikum Sinfóníuhljóm sveitar Íslands, Ungum einleikurum, fyrir ári síðan með leik sínum á Fiðlukonserti Sibeliusar.



Stór hluti verka **Alice Mary Smith** er kirkjuleg tónlist auk tveggja sinfónía og kammertónlistar en hún á líka heiðurinn af fyrstu ensku klarinetsónöt-

unni. Hún umritaði og endurbætti Andante-þátt Sónötu sinnar fyrir klarinett og píanó fyrir einleiksklarinett og hljóm sveit að beiðni klarinettleikarans Henry Lazarus sem lék verkið þrisvar sinnum ásamt hljóm sveitum á sínum tíma en svo féll verkið í gleymsku. Þetta verður því einungis fimmti flutningurinn á verkinu frá upphafi, en það var hljóðritað í Englandi árið 2005 ásamt tveimur stórum sinfóníum Alice Smith.

Ármann Helgason, klarinettleikari, leikur þennan stutta þátt en hann nam einmitt þá list að leika á hljóðfærið í heimalandi tónskáldsins, Englandi. Nótturnar að verkinu fengust fyrir hjálplega milligöngu nótnasafns Royal Academy of Music í London, þar sem stjórnandi kvöldsins stundaði nám í tónlist, en nótturnar verða fyrst gefnar út í næsta mánuði.



Lokaverkið á efnis-skránni er Sinfónía **Emilie Mayer**, stórt og magnað verk, frá-bærlega orkestrerað og fléttað saman með litríkum innskotum frá öllum hljóðfærum og með undursamlegum hæfum kafla. Emilie Mayer helgaði líf sitt alfarið tónlistinni

og var mikilvirkur höfundur með átta sinfóníur, forleiki og heilmikið af kammertónlist á sínum verkalista svo eitthvað sé nefnt. Mikið umfang hljómsveitartónlistar er óvenjulegt fyrir kventónskáld þar sem þær hafa oft horfst í augu við það að fá ekki verk sín leikin og haldið sig við smærri einingar, sönglög, píanóverk og kammertónlist.

Það má teljast ótrúlegt að öll þau gæðatónverk sem við heyrum hér hafi týnst eins og raunin varð og það er óraunverulegt fyrir fólk sem er menntað í tónlistarsögu og telur sig þekkja hljómsveitarbókmenntirnar að til séu þvílíkar gersemar

sem við höfum misst af til þessa. Það má spyrja sig að því hverjar ástæðurnar séu og stundum eru þær margvíslegar en undirliggjandi efasemdir um verk kvenna, og karla af öðrum kynþáttum en hvítum, liggja undir grun sem aðalástæðan, efasemdir sem oft verður vart við í dag og margt framúrskarandi fólk hefur orðið fyrir á stærri og smærri sviðum. Í framhaldi af framgangi Hildar Guðnadóttur má nefna að hörundsökk tónskáld hafa fagnað flugi hennar upp á stjörnuhimininn vegna þess nú komi vonandi að því að þau fái tækifæri líka, þegar kona hefur brotið glerþakið.



Ármann Helgason klarinettuleikari hefur átt fjölbreyttan feril sem einleikari, kammermúsíkant og hljómsveitarspilari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslensku Óperunni, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, kammerhópnum Camerartica og ýmsum öðrum hópum, m.a. Caput, Hnúkaþey og færeyska kammerhópnum Aldubáran. Ármann stundaði nám í klarinettuleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og í London og París. Ármann hefur verið valinn bæjarlistamaður Garðabæjar og hlaut Tónvakaverðlaun Ríkisútvarps-

ins árið 1995 og kom þá fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands auk þess sem hann hefur oftsinnis hlotið starfslaun listamanna til þess að sinna ýmsum tónlistarverkefnum. Ármann er einnig deildarstjóri blásaradeildar Tónlistarskóla Hafnarfjarðar þar sem hann stýrir kammertónlist og stjórnar Sinfóníuhljómsveit skólans auk þess að kenna við Listaháskóla Íslands.

Guðbjartur Hákonarson hóf fiðlunám ungur að aldri hjá Gígju Jóhannsdóttur við Tónmenntaskólann í Reykjavík. Í framhaldinu lærði hann hjá Ara Þór Vilhjálmssyni og síðar hjá Guðnýju Guðmundsdóttur við Listaháskóla Íslands. Eftir að hafa lokið stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og diplómagráðu frá Listaháskóla Íslands hóf Guðbjartur bakkalárnám við Indiana University, Jacobs School of Music, undir handleiðslu Sigurbjörns Bernharðssonar. Því námi lauk hann sem nemandi Mauricio Fuks. Í janúar 2019 lék Guðbjartur fiðlukonsert Sibeliusar með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann hefur einnig komið fram sem einleikari með hljómsveit Jacobs School of Music. Sem meðlimur í strengjakvartettinum Von sigraði hann Kuttner-kvartettkeppni Jacobs School of Music tvö ár í röð og hlaut því heiðursstöðu



og -styrk við skólann, þar sem kvartettinn naut handleiðslu Pacifica strengjakvartettsins. Guðbjartur er meðlimur í Kammersveitinni Elju og aðstoðarleitari annarar fiðludeildar Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Hann hefur auk þess komið fram með Barrokkbandinu Brák, Alþjóðlegu barrokkveitinni í Hallgrímskirkju, Hljómsveit íslensku óperunnar, og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í haust kom hann fram sem konsertmeistari Aurora Symphony Orchestra í Konserthúsinu í Stokkhólmi.

Hallfríður Ólafsdóttir er leiðandi flautuleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún nam tónlist á Íslandi, í London og í París. Hún er stofnandi kammerhópsins Camerartica, sinnir uppfræðslu ungs tónlistarfólks af ákafa og leikur reglulega einleikskonserta með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hallfríður er höfundur og listrænn stjórnandi fræðsluverkefnisins um Maxímús Músíkús og hafa metsölubækurnar um músikölsku músina verið gefnar út og fluttar á tónleikum sinfóníuhljómsveita víða um heim. Árið 2002 var Hallfríði veitt heiðursnafnbótin Associate of the Royal Academy of Music í London, vorið 2003 hlaut hún titilinn Bæjarlistamaður Garðabæjar og fyrir frumkvöðlastarf sitt í þágu tónlistarfræðslu hlaut Hallfríður Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2014. Í apríl 2019 var Hallfríði veitt Heiðursviðurkenning Útflutningsverðlauna Forseta Íslands fyrir einstakt framlag til að auka hróður Íslands á erlendri grund. Hallfríður hefur á síðustu misserum sinnt hljómsveitarstjórn í auknum mæli og hefur stjórnað tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna, Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands auk þess að hafa stjórnað ýmsum minni hópum á borð við Íslenska flautukórinn og Hnúkapey, sérstaklega í flutningi samtímatónlistar.

Að þessu sinni er hljómsveitin þannig skipuð:

Konsertmeistari: Ágústa Jónsdóttir

1. fiðla

Ágústa Jónsdóttir
Elísabet Vala Guðmundsdóttir
Anna von Heynitz
Páll Ingvarsson
Ásta Raket Viðarsdóttir
Jelena Kuzminova
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Martin Frewer

2. fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Rannveig Anna Guðmundsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Ásta Óskarsdóttir
Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir
Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir

Víóla

Elín Björk Jónasdóttir
Finnur Jónsson
Súsanna Friðriksdóttir
Edda Rún Ólafsdóttir

Selló

Páll Einarsson
Anna Jörunn Stefánsdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Guðrún Svana Hilmarsdóttir

Kontrabassi

Kjartan Guðnason
Dean Ferrell

Flauta

Kristrún H. Björnsdóttir
Bolli Þórsson

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Klarinett

Ásdís Birta Guðnadóttir
Védís Helgadóttir

Fagott

Kristín Mjöll Jakobsdóttir
Shannon Couillard

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Þórunn Eir Pétursdóttir
Guðmundur Andri Ólafsson
Þorkell Jónsson

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Hringur Gretarsson

Básúna

Össur Geirsson

Pákur

Kjartan Guðnason

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning.

Sveitin nýtur styrks Menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur 2020.
